

Ed.

41. Tillaga

til þingsályktunar um Veðdeild Landsbankans.

Flutningsm.: Jakob Möller, Jón Þorláksson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að leggja sem allra fyrst fyrir þetta þing frumvarp til laga um Veðdeild Landsbankans, er tryggi það, að lánsstofnun þessi, sem nú má heita stöðvuð, geti fullnægt ætlunarverki sínu.

Greinargerð.

Veðdeild Landsbankans hefir nú um langt skeið, eða síðan seint á árinu 1929, verið í lamasessi, sakir þess að stjórn stofnunarinnar hefir ekki getað útvegað kaupendur að nægilega miklu af vaxtabréfum Veðdeildarinnar. Hefir deildin því á þessu tímabili eigi getað greitt út lán í peningum nema af mjög skornum skammti, og nú síðustu mánuðina alls ekki. Fjöldi lántakenda biður þess vegna án þess að geta fengið fyrsta veðréttar lán út á fasteignir sínar, og þeir, sem neyðast til að taka lán í bréfum, og selja þau utan bankans, hafa nú upp á síðkastið orðið að sæta afföllum, sem eru miklu meiri en afföll bankans voru meðan hann hélt uppi markaði fyrir bréfin. Af þessari lómun Veðdeildarinnar leiðir það, að húsaþyggingar í landinu stöðvast, og það veldur aftur hvorutveggja í senn, að atvinnuleysi ágerist og húsnæðisekla byrjar að nýju eða ágerist, einkum í Reykjavík og þeim öðrum kaupstöðum, sem vöxtur er í.

Flutningsm. hugsa sér helst, að úr þessu verði bætt með löggjöf, sem geri vaxtabréf Veðdeildarinnar útgengileg á erlendum markaði. Er kunnugt, að nokkur undirbúningur hefir verið gerður að slíkri löggjöf, og er tilgangur þessarar tillögu sá, að knýja það mál fram til meðferðar og afgreiðslu á þessu þingi.